

# Umhverfismarkmið

## Ávinningur í allra þágu



### Aðlögun fyrirtækja að breyttu umhverfi

Álag af völdum manna á umhverfið er gríðarlegt og sést glögglega á hröðum loftslagsbreytingum, takmörkuðum aðgangi að auðlindum, ófullnægjandi notkun auðlinda, álagi á umhverfið af völdum mengunar, hnignun vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni.

Samfara vitundarvakningu í umhverfismálum hefur þrýstingur frá samfélaginu aukist um að fyrirtæki tileinki sér ábyrga starfshætti gagnvart umhverfi og samfélagi. Þetta kallar á breytt vinnubrögð í atvinnulífinu. Um allan heim hafa fyrirtæki brugðist við þessum breyttu aðstæðum með því að draga úr áhrifum starfsemi sinnar á umhverfið, m.a. með því að setja sér sérstök umhverfismarkmið. Fyrirtæki sem hafa tekið upp umhverfsvænni starfshætti hafa komist að því að slíkt felur nánast án undantekninga í sér efnahagslegan ávinning, einkum til lengri tíma lítið. Jafnframt hafa æ fleiri fyrirtæki gagnert verið stofnuð í þágu umhverfisins eða starfsemi breytt í þágu umhverfisins, dæmi um ávinning er samkeppnisforskot á mörkuðum.

**Mögulegur ávinningur** með notkun umhverfismarkmiða:

- vistvænni og sjálfbærari starfsemi
- öflugri samfélagsábyrgð
- samkeppnisforskot
- efnahagslegur ávinningur
- jákvæðari ímynd
- betri markaðshlutdeild
- ánægðara starfsfólk (betra utanumhald og upplýsingagjöf)
- bætt yfirsýn yfir reksturinn
- auðveldari vinna við innleiðingu vottana



### Hvernig hefjumst við handa?

Að setja sér umhverfismarkmið er ein leið til að hefja vegferð að vistvænni og sjálfbærari rekstri. Sú leið hefur reynst vel fyrir minni fyrirtæki þar sem ferlið við að móta markmiðin þarf ekki að fela í sér mikinn kostnað.

Umhverfismarkmið verða að vera hönnuð og hugsuð út frá hverju fyrirtæki fyrir sig, ekki gildir það sama fyrir alla. Nauðsynlegt er að fara í gegnum alla starfsemi fyrirtækisins og passa að engir þættir verði út undan s.s. mataraðstaða, flutningar eða annað sem ekki er hluti af beinni framleiðslu eða vinnslu. Gott er að hafa einhverskonar verkfæri við höndina sem hjálpa viðkomandi að hafa yfirsýn yfir alla starfsemi sem tengist fyrirtækinu. Á þennan hátt má finna helstu mengandi þætti í starfseminni en jafnframt þarf að greina hvar tækifærin liggja í aðlögun starfseminnar að breyttum aðstæðum eða jafnvel opnun á mörkuðum.





### Markmiðasetning

Umhverfismarkmið eru markmið sem fyrirtæki vill ná í framtíðinni á sviði umhverfismála. Það er mikilvægt að markmiðin séu **raunhæf** en stuðli á sama tíma að breyttum rekstrarháttum í þágu umhverfis og samfélags. Dæmi um markmið er að minnka magn sem fellur til af úrgangi, (tafla 1). Það er góð byrjun að setja slík markmið en það ber lítinn ápreifanlegan árangur nema við **mælum árangurinn** og setjum okkur ákveðin takmörk um hversu mikið við ætlum að minnka það sem fellur til af úrgangi. Best er að takmarkið sé hlutfall á tímaeiningu t.d. magn sem féll til af úrgangi á síðasta ári eða í síðasta mánuði.

Eins og kemur fram í töflu 1. geta takmörkin verið fleiri en eitt. Eins og kemur fram í töflu 1 geta takmörkin verið fleiri en eitt og hægt er að fara ólíkar leiðir til að ná fram sama markmiðinu. Að baki takmörkunum þarf að vera vel skilgreint hverjir eiga að koma að því að uppfylla þau og hverjir bera ábyrgð. Það getur verið töluvert snúið að hrinda sumum markmiðunum í framkvæmd. Hvernig á t.d. að fá starfsmenn til að nota vistvænni samgöngur á leið í vinnu? Það er til að mynda hægt með samgöngustyrkjum og fræðslu. Aðalatriðið er að hafa markmiðið raunhæft til að árangur náist.

Skráningar þurfa jafnframt að vera góðar til að hægt sé að mæla þann árangur sem á að nást með markmiðinu. Mælingar eru lykilþáttur í því að sýna starfsmönnum, yfirstjórn og samfélaginu fram á ávinning af markmiðunum.


Það er mjög mikilvægt að allir starfsmenn fyrirtækisins rói í sömu átt og séu meðvitaðir hvert skuli stefnt með markmiðunum og hvaða árangri þau eigi að skila. Þess vegna er kynning á markmiðasetningu til starfsmanna mjög áriðandi. Best væri ef starfsmenn gætu komið á einhvern hátt að markmiðasetningunni og ættu hlutdeild í verkefninu.

En hvað gerist ef takmörk nást ekki? Þá er mikilvægt að skoða af hverju það stafar. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því m.a:

- Markmiðin ekki rétt upp sett (óraunhæf).
- Áhugi ekki til staðar.
- Fræðslu til starfsmanna ábótavant.
- Ekki tekið tillit til markmiðanna í fjárhagsáætlun.
- Skipulagi og utnumhaldi ábótavant.

### Möguleiki á minnkuðu eftirliti

Raunhæf og mælanleg umhverfismarkmið sem unnin eru af innsýni og þekkingu, með alla starfsemi fyrirtækisins og áhrifaþætti í huga, geta leitt af sér mikinn árangur í umhverfismálum. Jafnframt getur slík vinna skilað árangri á öðrum sviðum eins og hér hefur komið fram. Umhverfismarkmið sem skila mælanlegum árangri geta skilað fyrirtækjum sem eru eftirlitsskyld hjá Umhverfisstofnun **færri frávikum** úr eftirlitum. Þegar frávikum fækkar geta rekstrar- aðilar sótt um **minnkað eftirlit** sem leiðir af sér **minni eftirlitskostnað**.



Tafla 1 - Dæmi um markmiðasetningu

Markmið	Takmark	Hlutaðeigandi aðilar
Að minnka það sem fellur til af úrgangi.	Að draga saman um 20% það sem fellur til af úrgangi á árinu 2019, miðað við árið 2018.	Starfsmenn í framleiðsludeild, gæðastjóri og innkaupadeild.
Draga úr kolefnislosun.	50% af ökutækjum fyrirtækisins verði rafknúin árið 2020.  Skilyrði í útboðum vegna aðkeypra flutninga að 50% ökutækja sem notuð séu við flutningana séu vistvæn.  Að 40% ferða starfsmanna úr og í vinnu séu eftir vistvænum leiðum.	Innkaupadeild, fjármálastjóri.  Útboðsdeild og verktaki.  Starfsmenn.